

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Miðeyjarhólmur, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. nóvember 2023 tillögu að deiliskipulagi að Miðeyjarhólmi, L163884. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, allt að 600 m<sup>2</sup> að stærð, þremur 250 m<sup>2</sup> frístundahúsum ásamt 5.800 m<sup>2</sup> undir landbúnaðarbyggingar. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið hefur þegar öðlast gildi.

#### *Miðbær Hvolsvallar, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. október 2023 breytingu á gildandi deiliskipulagi við miðbæ Hvolsvallar. Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir kjallara fyrir byggingar sem standa við Vallarbraut 1-3 og Bæjarbraut 2-8. Um leið eykst nýtingarhlutfallið úr 0,7 í 1,56. Bílastæðum verður fækkað úr tveimur í eitt miðað við hvert íbúðarrými. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið hefur þegar öðlast gildi.

#### *Torfastaðir, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 14. desember 2023 óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi við Torfastaði. Hámarks mænishæð fer úr 4,7 í 5,5 m frá botnplötu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið hefur þegar öðlast gildi.

*Hvolsvelli, 2. janúar 2024.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Þóra Björg Ragnarsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 2. janúar 2024